

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1374  
komudagur 12.3.2001



Borgarbyggð skrifstofa – Borgarbraut 11  
310 Borgarnes – Kt.: 510694-2289  
Sími: 437 1224 – Fax 437 1024

Borgarnesi 9. mars 2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.**

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 16. febrúar 2001 þar sem Borgarbyggð gefst færi á að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Bæjarráð Borgarbyggðar hefur fjallað um frumvarpið og vil ég í framhaldi af því koma eftirfarandi á framfæri.

Borgarbyggð bendir á mikilvægi lax- og silungsveiði í Borgfirskum ám og vötnum og hversu brýnt sé að varlega verði farið í allri uppbyggingu á atvinnurekstri sem ógnað geti villtum íslenskum laxastofnum. Með tilliti til þessa væri eðlilegt að veiðifélög er málið kann að varða fái málið til umsagnar þegar verið er að leita álits á rekstrarleyfisumsóknum til fiskeldis og hafbeitar. Umsagnarréttur veiðifélaga gæti einnig talist eðlilegur með tilliti til andmælaréttar í stjórnarsýslulögum.

Að mati Borgarbyggðar gæti verið æskilegra að rekstrarleyfi verði áfram gefin út af veiðimálastjóra, í stað landbúnaðarráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessari breytingu fellur niður sá möguleiki að kæra leyfisveitingu til æðra stjórnarsýslustigs sem verður að teljast mikill ókostur.

Æskilegt væri að leyfisveitandi hefði sterkari heimildir til að taka rekstrarleyfi til endurskoðunar eða fella það úr gildi en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta getur til dæmis átt við ef eldisstöð hefur skaðleg umhverfisáhrif vegna sjúkdóma, sníkjudýra eða erfðablöndunar eldisfiska við villta stofna.


Borgarbyggð leggur ríka áherslu á ákvæði 5. greinar frumvarpsins (78. grein laganna) varðandi heimildir til að beita takmörkunum eða bönnum við fiskeldi, hafbeit eða öðrum eldisaðferðum á vissum svæðum sem geta talist viðkvæm


gagnvart slíkri starfsemi. Í Borgarfirði eru margar gjöfular laxveiðiár og því er fyrirhugað sjókvíaelði með norskum laxi við strendur Íslands eðlilega áhyggjuefni. Gera verður kröfu um mikla aðgát í þessum efnum, bæði út frá náttúruverndarsjónarmiðum sem og efnahagslegum.

Borgarbyggð telur álitamál hvort fulltrúar fiskeldisnefndar eigi að vera tilnefndir bæði af sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknarstofnun, sbr. 7. grein frumvarpsins. Einnig má spyrja hvers vegna fiskeldisnefndin er ekki oddanefnd, t.d. með fimm fulltrúa og hvers vegna nefndin er eingöngu skipuð aðilum sem tilnefndir eru af opinberum stofnunum.

Virðingarfyllst,

f.h. Borgarbyggðar

  
Stefán Kalmannsson  
bæjarstjóri



The seal is an oval shape with a double border. Inside the oval, the text "BÆJARSTJÓRN" is written in a curved path at the top, and "BORGARBYGGÐ" is written in a curved path at the bottom.